

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 16. júlí 2013 í máli nr. S-59/2012:

Ákærvaldið

(Kristján Óskar Ásvaldsson fulltrúi)

gegn

Hauki Vagnssyni

(Snorri Sturluson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 10. júní sl., höfðaði lögreglustjórinn á Vestfjörðum með ákæru 4. október 2012 á hendur ákærða, Hauki Vagnssyni, kt. [...], til heimilis að Aðalstræti 9, Bolungarvík:

I

Fyrir hótanir, með því að hafa þriðjudaginn 27. júní 2010, þá staddur á Hesteyri í Jökulfjörðum, hótað A, kt. [...], því að beita skotvopni gegn henni kæmi hún sér ekki í burtu af svæðinu en hótanir ákærða vöktu hjá A ótta um líf sitt og heilbrigði.

(Mál nr. 18-2010-2555)

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II

Fyrir eftirfarandi brot, mánudaginn 25. júní 2012, sem skipstjóri á Hesteyri ÍS-95, skráningarnúmer 2349, lagt bátnum úr höfn frá Bolungarvík til Hesteyrar og aftur til baka:

(Mál nr. 18-2012-2045)

1. Brot gegn siglingalögum og lögum um eftirlit með skipum, með því að hafa siglt skipinu óhaffæru, þar sem haffærisskírteini þess var ekki í gildi.

Telst háttsemi þessi varða við 6. gr. siglingalaga nr. 34/1985, 1. mgr. 9. gr. og 1. tl. 17. gr., sbr. 29. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum.

2. Brot gegn lögum um eftirlit með skipum, með því að hafa siglt skipinu, með farþega, án þess að hafa leyfi til farþegaflutninga.

Telst háttsemi þessi varða við 5. mgr. 1. gr., sbr. 29. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, og reglugerð nr. 463/1998, um leyfi til farþegaflutninga með skipum.

3. Brot gegn lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, með því að hafa siglt skipinu án þess að um borð væri maður með gild skipstjórnarréttindi, en skipstjórnarréttindi ákærða runnu út þann 30. maí 2012.

Telst þetta varða við 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 12. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, sbr. reglugerð nr. 175/2008, með síðari breytingum, um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

A, kt. [...], krefst miskabóta úr hendi ákærða Hauks Vagnssonar, kt. 100367-3869, að fjárhæð kr. 600.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 27. júní 2010 þar til mánuður er liðinn frá því að ákærða var kynnt bótakrafa þessi, en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr. sömu laga.

Þá er krafist greiðslu þóknunar réttargæslumanns að mati dómara eða síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á réttargæsluþóknun, en áskilinn er réttur til að leggja fram reikning eigi síðar en við aðalmeðferð málsins, ef til hennar kemur.

Kröfur ákærða í málinu eru þær aðallega, hvað ákærulið I varðar, að ákærði verði sýknaður af sakargiftum samkvæmt þeim lið, bótakröfu vísað frá dómi og allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð. Til vara krefst ákærði vægustu refsingar og að bótakrafa verði lækkuð. Hvað ákærulið II varðar er af hálfu ákærða krafist vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst verjandi hæfilegrar þóknunar sér til handa úr ríkissjóði.

I

A

Mánudaginn 30. ágúst 2010 lagði brotapolí, A, fram kæru á hendur ákærða vegna hótana sem stúlkan kvað hafa átt sér stað 27. júní það sama ár á Hesteyri í Jökulfjörðum.

Í skýrslu brotapóla hjá lögreglu kemur fram að hún hafi verið starfsmaður hjá fyrirtæki ákærða í um fjóra mánuði. Brotapóli hafi ekki fengið réttilega uppgerð laun og hún því höfðað mál fyrir dómi með aðstoð verkalýðsfélags og lögmanns til innheimtu vangreiddra launa. Nokkrum dögum áður en atvik máls þessa gerðust

hafi komið niðurstaða í dómsmálinu, brotþola í vil.

Brotþoli greindi lögreglu svo frá að hún hefði, með milligöngu Hrólfs Vagnssonar, ráðið sig í vinnu hjá móður Hrólfs og ákærða á Hesteyri. Stúlkan hefði því 27. júní 2010 farið sjóleiðina til Hesteyrar. Á stignum frá bryggjunni hefði hún síðan mætt ákærða og unnustu hans. Hefði ákærði ausið svívirðingum og hótunum yfir brotþola. Hann hefði meðal annars sagt: „Farðu þarna frillan þín, ég ætla að koma þér í burtu.“ Þá hefði hann sagst ætla að fara og sækja haglabyssu í bátinn sinn. Hefði svo farið að brotþoli hefði snúið við og farið frá Hesteyri aftur með bátnum.

Undir rannsókn málsins voru teknar skýrslur af brotþola og vitnunum Hrólfi Vagnssyni, Svani Elí Elíassyni, Sigríði H. Matthíasdóttur, B og D. Þá aflaði lögregla jafnframt vottorðs um andlegt heilsufar brotþola hjá Ólafi Hergli Oddssyni geðlækni.

Samkvæmt framansögðu lagði brotþoli fram kæru á hendur ákærða 30. ágúst 2010. Skýrsla var hins vegar ekki tekin af næsta vitni fyrr en rúmum fjórum mánuðum síðar og þá liðu tæplega eitt og hálf ár frá því að brotþoli lagði fram kæru sína og þar til síðasta vitnaskýrslan var tekin, en rannsókn lögreglu, sem ekki verður talin hafa verið mjög umfangsmikil, virðist hafa lokið með þeirri skýrslutöku 15. febrúar 2012. Frá þeim tíma liðu síðan tæpir átta mánuðir þar til ákæra var gefin út í málinu 4. október 2012 samkvæmt áðursögðu.

B

Mánudaginn 25. júní 2012, um kl. 12:49, barst lögreglu tilkynning um að ákærði hefði lagt úr höfn í Bolungarvík á motorbátnum Hesteyri ÍS-95 með farþega innanborðs. Samkvæmt tilkynningunni hafði báturinn hvorki haffærisskírteini né farþegaleyfi í gildi. Kemur fram í frumskýrslu að lögregla hafi strax kannað réttmæti þessara fullyrðinga hjá Siglingastofnun og fengið þær staðfestar.

Lögregla hafði í kjölfarið samband við vaktstöð siglinga hjá Landhelgisgæslunni og aflaði sér upplýsinga um hvar báturinn Hesteyri ÍS-95 væri staddur. Kom þá í ljós að báturinn var á Hesteyri í Jökulfjörðum. Um kl. 14:00 fékk lögregla um það upplýsingar að báturinn væri lagður af stað frá Hesteyri og skömmu síðar fór lögregla til fundar við ákærða, sem þá var staddur um borð í bátnum í Bolungarvíkurhöfn, og ræddi við hann.

Undir rannsókn málsins var skýrsla tekin af ákærða. Lögregla aflaði jafnframt gagna frá Siglingastofnun varðandi skoðanir á Hesteyri ÍS-95 og atvinnuréttindi ákærða. Einnig aflaði hún upplýsinga um lögskráningar á Hesteyri ÍS-95 hinn 25. júní 2012 og um gildistíma haffærisskírteina fyrir bátinn. Þá liggur fyrir í málinu kort frá Landhelgisgæslunni sem sýnir feril Hesteyrar ÍS-95 umræddan dag.

C

Mál þetta var þingfest 20. nóvember 2012 að ákærða fjarstöddum. Hinn 12. desember kom ákærði fyrir dóm og neitaði alfarið sök í málinu. Var málinu þá frestað til aðalmeðferðar 12. febrúar 2013. Í aðdraganda þess þinghalds kom upp ágreiningur um vitnaleiðslur, tilhögun skýrslutöku af brotþola og skipun réttargæslumanns og ákvað dómari því að fresta áður boðaðri aðalmeðferð og gefa

sækjanda, verjanda og lögmanni brotþola kost á að tjá sig um ágreininginn í þinghaldi 12. febrúar. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Úrskurður var kveðinn upp 22. mars 2013 þar sem ákærvaldinu var heimilað að leiða þrjú nafngreind vitni, fallist var á kröfu brotþola um að ákærða yrði gert að víkja úr þinghaldi á meðan hún gæfi skýrslu og þá var synjað kröfu brotþola um að lögmaður stúlkunnar yrði skipaður réttargæslumaður hennar í málinu. Aðalmeðferð málsins fór síðan fram 10. júní sl.

II

A

Ákærði, sem fyrir dómi staðfesti að hann hefði verið staddur á Hesteyri 27. júní 2010, kvaðst skömmu áður hafa haft veður af því að brotþoli væri væntanlegur á Hesteyri þeirra erinda að vinna í Læknishúsinu, en húsið sagði ákærði í eigu móður sinnar er reki þar kaffihús. Kvaðst ákærði vart hafa trúað því að þetta stæði til vegna fyrri samskipta sinna við stúlkuna, en hún hefði verið fyrrverandi starfsmaður hans. Ákærði hefði rætt við nokkur systkina sinna sem sömuleiðis hefðu verið steinhissa á þessari ráðagerð og verið henni algerlega mótfallin. Einn bróðir ákærða hefði hins vegar haft um það milligöngu að stúlkan kæmi til Hesteyrar.

Þegar ákærði hefði verið að ganga niður að bryggjunni á Hesteyri hefði hann mætt brotþola á þröngum göngustígnum. Með brotþola hefðu verið bróðir ákærða, Hrólfur Vagnsson, og Svanur Elí Eliasson. Ákærði kvaðst hafa spurt stúlkuna að því hvað hún væri að vilja á staðnum og hún sagst vera að fara að vinna í Læknishúsinu. Ákærði sagðist hafa sagt brotþola „... að fyrir mína hönd ... þá væri ekki æskilegt að hún væri að fara að vinna í þessu húsi. ... Frá mínum bæjardyrum séð kæmi það ekki til greina.“ Kvaðst ákærði hafa komið því skýrlega á framfæri við brotþola að „... hennar nærveru væri ekki óskað þarna, hvorki af mér né þeim sem ég hefði talað við í fjölskyldunni. ... hún færi bara ekki inn í Læknishúsið, það væri bara svo einfalt ...“. Fyrr skyldi ákærði dauður liggja. Í framhaldinu hefði komið til frekari orðaskipta milli ákærða og brotþola og hefði stúlkan tjáð ákærða að honum kæmi þetta ekkert við. Ákærði hefði sagt að svo einfalt væri þetta nú ekki og hann ítrekað að brotþoli færi ekki inn í Læknishúsið. Orðaskiptum þeirra brotþola hefði síðan lokið með því að brotþoli hefði snúið við og farið með næsta bát, eins og ákærði hefði óskað eftir.

Ákærði neitaði því aðspurður að hafa hótad brotþola lífláti umrætt sinn. Þá kvaðst ákærði ekki hafa sagt við stúlkuna að hann myndi koma henni í burtu með því að beita skotvopni gegn henni. Enn fremur sagði ákærði alrangt að skotvopn hefði verið um borð í báti hans þennan dag. Hann staðfesti hins vegar að hafa átt Remington-haglabyssu er atvik máls gerðust.

B

Hvað atvik samkvæmt ákærulið II.1 varðar bar ákærði að hann hefði gegnum tíðina oft fengið báta sína skoðaða, og haffæriskírteini gefin út í kjölfarið, að sér fjarstöddum. Í umræddu tilviki hefði ákærði ítrekað verið búinn að óska eftir því við Siglingastofnun að frumskoðun á Hesteyri ÍS-95 yrði lokið. Í gögnum sem stofnunin hefði haft undir höndum frá ákærða hefði komið fram hvenær fyrsta

sigling hans á bátnum yrði. Á fimmtudeginum áður hefði ákærði fyrst fengið um það upplýsingar frá Siglingastofnun að báturinn yrði skoðaður þann dag, en síðan hefði stofnunin upplýst að ekki yrði hægt að framkvæma skoðunina fyrr en á mánudeginum, þ.e. 25. júní 2012. Ákærði hefði þá lagt á það áherslu að skoðunin yrði að fara fram um morguninn, enda hefði legið fyrir að hann léti úr höfn á bátnum um hádegisbilið. Hefði Siglingastofnun tekið jákvætt í þá ósk ákærða.

Vegna annríkis kvaðst ákærði ekki hafa haft tök á því að vera viðstaddur fyrirhugaða skoðun á mánudagsmorgninum. Hann hefði því ekki verið upplýstur um það fyrr en eftir að hann kom úr áðurnefndri siglingu að skoðunarmaður hefði ekki komið um morguninn og skoðað bátinn.

Ákæru á hendur sér samkvæmt ákærulið II.2 sagði ákærði ekki standast. Í umræddri sjóferð hefðu engir borgandi farþegar verið um borð. Um hefði verið að ræða starfsmenn ferðaskrifstofu sem ákærði hefði haft til athugunar að fara í samstarf við.

Hvað skipstjórnarréttindi sín varðaði, sbr. ákærulið II.3, tók ákærði fram að hann hefði verið búinn að sækja um endurnýjun atvinnuréttinda sinna til sýslumanns. Hins vegar hefði ekki verið staðið við þau fyrirheit af embættisins hálfu að umsókn ákærða yrði afgreidd í tíma fyrir hér umrædda sjóferð. Var á ákærða að skilja að um það hefði hann ekki vitað fyrr en að sjóferðinni lokinni.

III

A, brotapolí í málinu, kvaðst umræddan dag hafa komið með báti á Hesteyri og hefðu Hrólfur Vagnsson og Svanur Elí Elíasson tekið á móti henni á bryggjunni. Til Hesteyrar hefði vitnið verið komið í þeim tilgangi að vinna hjá móður Hrólfs, en Hrólfur hefði haft milligöngu um ráðningu vitnisins.

Vitnið hefði síðan haldið af stað ásamt Hrólfi og Svani Elí og þá séð hvar ákærði og Sigríður H. Matthíasdóttir komu stormandi á móti þeim. Ákærði hefði sagt vitninu að það ætti ekkert erindi á Hesteyri. Vitnið væri „ógeðsleg frilla“ og ætti að koma sér í burtu af staðnum eins og skot „... annars myndi hann gera það sem þyrfti til að koma mér í burtu. Hann myndi fara í bátinn, sækja byssuna, ef það væri það sem þyrfti til að koma mér þarna í burtu.“ Fyrr skyldi ákærði dauður liggja en að vitnið færi að vinna í Læknishúsinu. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið hafa upplifað hótanir ákærða sem beinar líflátshótanir.

Vitnið sagði bæði Hrólf og Svan Elí hafa reynt að róa ákærða niður og hefði sá síðarnefndi meðal annars spurt ákærða þess hvort hann gerði sér grein fyrir alvarleika orða sinna. Hrólfur hefði í framhaldinu beðið vitnið um að fara aftur að bryggjunni. Þar hefði Sigríður H. Matthíasdóttir komið til vitnisins og spurt hvað það væri eiginlega að hugsa að koma á Hesteyri, verandi búíð að eyðileggja þetta mikið fyrir ákærða og bera hann röngum sökum. Sigríður hefði síðan farið aftur og vitnið þá hringt í móður sína. Kvaðst vitnið hafa viljað heyra í móður sinni „... segja bless við hana, ég vissi ekki hvað myndi gerast. ... Ég hef aldrei verið jafn hrædd á ævinni.“ Vitnið hefði í framhaldinu farið aftur til baka með bátnum frá Hesteyri og síðan beint suður með fyrstu flugvél til Reykjavíkur.

Eftir komuna suður kvaðst vitnið ekki hafa farið út úr húsi í viku. Á nóttunni hefði það sofið uppi í hjá móður sinni. Sagði vitnið sér hafa liðið ömurlega. Það hefði aldrei orðið jafn hrætt á ævi sinni og gætti þeirrar hræðslu enn í dag. Eftir vikudvöl syðra hefði vitnið farið norður þar sem það hefði heldur ekki farið út úr húsi.

Fram kom hjá vitninu að það hefði unnið hjá ákærða um fjögurra mánaða skeið áður en atvik máls þessa gerðust. Kvaðst vitnið hafa lagt sig fram í starfi sínu og ekki eiga framkomu ákærða í sinn garð skylda.

Hrólfur Vagnsson kvaðst hafa tekið á móti brotþola, ásamt Svani Elí Elíassyni, er brotþoli kom sjóleiðina á Hesteyri umræddan dag. Stúlkan hefði verið þangað komin til að vinna í Læknishúsinu, sem vitnið hefði rekið í umboði móður sinnar.

Á stígnum frá bryggjunni og að Læknishúsinu hefði ákærði, bróðir vitnisins, komið á móti þeim og meinað brotþola að halda áfram. Ákærði hefði haft uppi hótanir við brotþola og sagt að stúlkan færi ekki fetinu lengra. Hefði ákærði gengið það langt að hóta að „... sækja þessa byssu, sem ég sá ekki, um borð í bátinn til að koma fram vilja sínum.“ Að fenginni reynslu sinni af ákærða kvaðst vitnið við svo búíð hafa tekið þá ákvörðun að stoppa og senda brotþola aftur til baka til Ísafjarðar. „Það varð til þarna ákveðið brjálæði ... sem ég þekkti.“ Vitnið kvaðst hafa orðið smeykt vegna þessarar framgöngu ákærða og var á vitninu að skilja að það hefði talið ákærða til alls vísan í þeim ham sem hann var.

Viðbrögðum brotþola lýsti vitnið sem „frosti“. Það „... varð til töluverð skelfing og ekkert annað að gera en bara drífa sig af svæðinu.“

Svanur Elí Elíasson bar fyrir dómi að hann hefði komið á Hesteyri með ákærða kvöldið áður en atvik máls gerðust. Tók vitnið fram að það hefði ekkert þekkt til fyrri samskipta ákærða og brotþola.

Vitnið sagði Hrólf Vagnsson hafa greint sér frá því að brotþoli væri væntanleg sjóleiðina, en stúlkuna hefði Hrólfur sagst vera búinn að ráða í vinnu. Hefði vitnið farið niður á bryggju með Hrólf og þeir tekið á móti brotþola. Á leiðinni til baka hefðu þau mætt ákærða og unnustu hans á stígnum. Ákærði hefði stöðvað brotþola og viljað að hún færi aftur til baka með bátinum. Vitnið kvaðst ekki hafa skilið hvað þarna gekk á og af hverju ákærði umturnaðist eins og hann gerði. Bar vitnið að ákærði hefði meðal annars sagt „... að ef hún færi lengra þá myndi hann fara um borð í bátinn og sækja byssu ... og hótandi að nota hana.“ Aðspurt um viðbrögð viðstaddra við hótunum ákærða svaraði vitnið: „Já, ég held að flestir hafi tekið þessu alvarlega.“ Vísaði vitnið í því sambandi til heiftar ákærða og orðbragðs hans. Vitnið sagðist hafa reynt að lempa ákærða, róa hann niður, en hann ekki virst hlusta og staðið fastur á því að lengra færi stúlkan ekki. Brotþoli var að sögn vitnisins „hálf skelkuð“ vegna framkomu ákærða.

Vitnið kvað byssu hafa verið um borð í báti ákærða umrætt sinn. Vitnið hefði séð byssuna þar.

Sigríður H. Matthíasdóttir bar fyrir að dómi að hún og ákærði hefðu umræddan dag mætt brotþola og Hrólf Vagnssyni á stígnum sem liggi frá bryggjunni á Hesteyri, en stúlkan hefði þá verið nýkomin í land. Ákærða sagði vitnið hafa orðið mjög

reiðan, hann orðið „... náttúrulega frekar brjáláður þegar hann mætir þeim ...“ og spurt Hrólfr hvað hann væri að gera með þessari frillu. Tók vitnið fram að það hefði ekkert þekkt forsöguna og því ekkert vitað um ástæður þessara viðbragða ákærða.

Fram kom hjá vitninu að ákærði hefði tekið þannig til orða að hann vildi ekki sjá þessa frillu þarna á Hesteyri „... og, já, já, hann hótaði því að taka, skjóta hana bara með haglabyssu.“ Tók vitnið fram að það vissi ekki til þess að ákærði hefði verið með byssu nærtæka.

Vitnið sagðist í framhaldinu hafa farið burt frá ákærða og það hefði brotaþoli einnig gert. Kvaðst vitnið hafa spjallað aðeins við brotaþola og var á vitninu að skilja að báðar hefðu þær verið „sjokkeraðar“ vegna þessarar upptöku.

Spurt út í ummæli í lögregluskýrslu, þess efnis að vitnið hefði aldrei heyrt hótanir varðandi skotvopn umrætt sinn, svaraði vitnið því til að það hefði látið það vera að upplýsa lögreglu um þau orð ákærða þar sem vitnið og ákærði hefðu verið í sambandi þegar atvik máls gerðust og skýrslan var gefin.

B, móðir brotaþola, sagði stúlkuna hafa haft samband við sig símléiðis frá Hesteyri umræddan dag. Brotaþoli hefði ekki heilsað heldur sagt strax: „Mamma, mamma, hann ætlar að drepa mig ef ég fer ekki.“ Stúlkunni hefði verið mikið niðri fyrir, hún verið hrædd og grátið. Hafði vitnið eftir brotaþola að ákærði hefði sagt við stúlkuna að hann myndi gera það sem þyrfti til að stöðva hana og myndi hann sækja skotvopn, ef það væri það sem þyrfti.

Að kvöldi þessa sama dags kvað vitnið brotaþola hafa komið í íbúð þess í Reykjavík. Er stúlkan hefði séð vitnið hefði hún brostið í grát. Um hálf til ein klukkustund hefði liðið þar til vitnið hefði getað rætt við stúlkuna. Fram að því hefði stúlkan bara grátið. Brotaþola sagði vitnið ekki hafa farið út úr húsi í viku eftir þetta og á því tímabili hefði stúlkan sofið uppi í hjá vitninu á nóttunni.

D, faðir brotaþola, kvaðst hafa hitt brotaþola 3-4 dögum eftir að atvik máls gerðust. Stúlkan hefði þá verið mjög hrædd og átt erfitt um svefn. Einnig hefði hún grátið mjög mikið. Sagðist vitnið hafa gengið úr rúmi fyrir stúlkuna sem sofið hefði hjá móður sinni.

IV

Lögregla aflaði vottorðs frá Ólafi Hergli Oddssyni, geðlækni á Fjórðungs sjúkrahúsinu á Akureyri, vegna brotaþola. Um beiðni lögreglu segir í vottorðinu, sem dagsett er 9. ágúst 2011, að beðið sé „... um matsgerð/læknisvottorð þar sem óskað er eftir að undirritaður láti í té skriflega umsögn eða matsgerð er varðar andlega vanlíðan A, sem rekja má til meintra hótana, sem hún varð fyrir þann 27. júní 2010.“

Niðurstöður læknisins samkvæmt vottorðinu eru þessar helstar:

...

Af þeim áföllum, sem rakin hafa verið hér að framan, tel ég að líflátshótunin sé alvarlegust. Hins vegar gerir hvert áfall hana veikari fyrir næsta áfalli. Það má því

reikna með að hún muni þurfa langan tíma til þess að vinna sig út úr þessum áföllum til þess að ná þeim styrk sem henni er nauðsynlegur til þess að fóta sig í lífinu í framtíðinni.

Óumdeilt er í málinu að tilvitnað læknisvottorð stafi frá Ólafi Hergli Oddssyni geðlækni, en vegna alvarlegra veikinda átti hann þess ekki kost að koma fyrir dóminn til að staðfesta og skýra vottorð sitt.

V

Ákæruliður I:

Fyrir liggur í málinu að ákærði og brotþoli mættust þriðjudaginn 27. júní 2010 á stíg sem liggur frá bryggjunni á Hesteyri. Upplýst er að brotþoli var þá nýkominn sjóleiðina á staðinn og hugðist stúlkan ganga frá bryggjunni og að svonefndu Læknishúsi þar sem ráðgert var að hún yrði við störf um sumarið.

Fyrir dómi bar ákærði að hann hefði skömmu áður en atvik máls gerðust haft veður af því að brotþoli væri væntanlegur á Hesteyri þeirra erinda að vinna í Læknishúsinu. Hefði ákærði átt bággt með að trúa því að þetta stæði til vegna fyrri samskipta sinna við stúlkuna. Er hann síðan hefði verið að ganga niður að bryggjunni á Hesteyri umræddan dag hefði hann mætt brotþola. Ákærði hefði innt stúlkuna eftir því hvað hún væri að vilja á staðnum og hún þá sagst vera að fara að vinna í Læknishúsinu. Kvaðst ákærði í kjölfarið hafa komið því skýrlega á framfæri við brotþola að „... hennar nærveru væri ekki óskað þarna, hvorki af mér né þeim sem ég hefði talað við í fjölskyldunni. ... hún færi bara ekki inn í Læknishúsið, það væri bara svo einfalt ...“.

Brotþoli lýsti þessum samskiptum sínum og ákærða svo fyrir dómi að er hún hefði verið á leið frá bryggjunni hefði hún séð ákærða koma stormandi á móti sér. Ákærði hefði sagt brotþola að hún ætti ekkert erindi á Hesteyri. Hún ætti að koma sér í burtu af staðnum eins og skot „... annars myndi hann gera það sem þyrfti til að koma mér í burtu. Hann myndi fara í bátinn, sækja byssuna, ef það væri það sem þyrfti til að koma mér þarna í burtu.“ Þá hefði ákærði sagt að fyrr skyldi hann dauður liggja en að brotþoli færi að vinna í Læknishúsinu. Kvaðst brotþoli hafa upplifað hótanir ákærða sem beinar líflátshótanir.

Hrólfur Vagnsson lýsti þessum samskiptum ákærða og brotþola svo að á stígnum frá bryggjunni og að Læknishúsinu hefði ákærði komið á móti honum og brotþola og meinað stúlkunni að halda áfram. Ákærði hefði haft uppi hótanir við brotþola og sagt að stúlkan færi ekki fetinu lengra. Hefði ákærði gengið það langt að hóta að „... sækja þessa byssu ... um borð í bátinn til að koma fram vilja sínum.“ Að fenginni reynslu sinni af ákærða kvaðst vitnið við svo búið hafa tekið þá ákvörðun að stoppa og senda brotþola aftur til baka til Ísafjarðar.

Svanur Elí Elíasson bar um þessi atvik að á leiðinni til baka frá bryggjunni hefðu hann, brotþoli og Hrólfur Vagnsson mætt ákærða og unnustu hans á stígnum. Ákærði hefði stöðvað brotþola og viljað að hún færi aftur til baka með bátnum. Vitnið kvaðst ekki hafa skilið hvað þarna gekk á og af hverju ákærði umturnaðist

eins og hann gerði. Bar vitnið að ákærði hefði meðal annars sagt „... að ef hún færi lengra þá myndi hann fara um borð í bátinn og sækja byssu ... og hóttaði að nota hana.“ Taldi vitnið að flestir viðstaddra hefðu tekið hótunum ákærða alvarlega og vísaði í því sambandi til heiftar ákærða og orðbragðs hans.

Sigríður H. Matthíasdóttir sagði ákærða hafa orðið mjög reiðan er hann hefði mætt brotþola á stígnum. Kvað hún ákærða hafa tekið þannig til orða að hann vildi ekki sjá þessa frillu þarna á Hesteyri „... og, já, já, hann hóttaði því að taka, skjóta hana bara með haglabyssu.“

Samkvæmt framansögðu er upplýst með framburði ákærða og vætti brotþola, Hrólfs Vagnssonar, Svans Elí Elíassonar og Sigríðar H. Matthíasdóttur að ákærði stöðvaði för brotþola er þau mættust á stígnum. Einnig liggur fyrir með framburði nefndra aðila að ákærði gerði stúlkunni ljósan þann vilja sinn að hún yfirgæfi Hesteyri hið snarasta.

Hvað skýrslugjöf Hrólfs Vagnssonar fyrir dómi varðar skal sérstaklega tekið fram að ljóst var að það var honum þungbær raun að vitna gegn bróður sínum. Þrátt fyrir það var framburður vitnisins afdráttarlaus og skýr. Þá verður að skoða framburð Sigríðar H. Matthíasdóttur í því ljósi að hún var í sambandi með ákærða er hún gaf skýrslu fyrir lögreglu.

Ákærði hefur neitað þeim sakargiftum að hafa hóttað brotþola því að beita skotvopni gegn henni kæmi hún sér ekki í burtu af svæðinu. Öll fyrrnefnd vitni hafa hins vegar borið að ákærði, sem samkvæmt framburði allra vitnanna var mjög reiður brotþola, hafi lagt áherslu á orð sín með því að hótta að beita skotvopni til að ná fram þeim vilja sínum að stúlkan hefði sig á brott.

Í 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 segir svo: Hver, sem hefur í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Samkvæmt framansögðu þykir með vætti brotþola, Hrólfs Vagnssonar, Svans Elí Elíassonar og Sigríðar H. Matthíasdóttur sannað gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir hóttað brotþola því að beita skotvopni gegn henni kæmi hún sér ekki í burtu af svæðinu. Einnig þykir sannað á grundvelli sömu vitnisburða að hótun ákærða hafi verið til þess fallin að vekja ótta hjá stúlkunni um líf sitt, heilbrigði og velferð. Varðar lýst brot ákærða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem vísað er til í ákæru.

Ákæruliður II:

Upplýst er með framlögðum rannsóknargögnum að 25. júní 2012 var Hesteyri ÍS-95 ekki með haffærisskírteini í gildi. Skv. 1. tölulið 1. mgr. 17. gr. laga nr. 47/2003 telst skip óhaffært hafi það ekki gilt haffærisskírteini. Bar ákærða skv. 1. mgr. 9. gr. sömu laga, sem skipstjóra í umræddri sjóferð, að sjá til þess að gild lögboðin skírteini væru um borð. Þegar að þessu virtu þykir sannað að ákærði hafi, af gáleysi, sbr. framburð ákærða fyrir dómi, gerst sekur um brot það sem honum er

gefið að sök í ákærulið II.1 og réttilega er þar heimfært til refsíákvæða.

Einnig er upplýst með framlögðum rannsóknargögnum að skipstjórnarréttindi ákærða féllu úr gildi 30. maí 2012. Fyrir liggur að réttindi hans voru ekki endurnýjuð fyrir en frá og með 4. júlí 2012. Ákærða bar að ganga úr skugga um að umsókn hans um endurnýjun réttindanna hefði verið afgreidd áður en hann hélt af stað í umrædda sjóferð. Með vísan til þessa þykir sannað að ákærði hafi, af gáleysi, sbr. framburð hans fyrir dómi, gerst sekur um brot það sem honum er gefið að sök í ákærulið II.3 og réttilega er þar heimfært til refsíákvæða.

Í ákærulið II.2 er ákærða gefið að sök brot gegn lögum um eftirlit með skipum með því að hafa siglt skipinu með farþega án þess að hafa leyfi til farþegaflutninga.

Skv. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum eru farþegaflutningar í atvinnuskyni, þ.m.t. skoðunar- og veiðiferðir ferðamanna, með skipum sem lögin gilda um háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands. Í máli þessu nýtur mjög takmarkaðra upplýsinga um farþega ákærða umrætt sinn og atvik að öðru leyti. Raunar liggur það eitt fyrir sem ákærði sjálfur hefur upplýst, en hann bar að um hefði verið að ræða fólk sem hann hefði þekkt til, n.t.t. starfsmenn ferðaskrifstofu sem ákærði hefði haft áhuga á að fara í samstarf við í framtíðinni.

Ákærði hefur staðfastlega neitað sök hvað varðar sakargiftir samkvæmt ákærulið II.2, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Skv. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu. Að þessu athuguðu og vegna þess hversu atvik máls eru samkvæmt framansögðu illa upplýst að þessu leyti þykir óvarlegt að telja sannað, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi umrætt sinn verið í farþegaflutningum í atvinnuskyni í skilningi 5. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003. Verður ákærði því sýknaður af sakargiftum samkvæmt ákærulið II.2.

VI

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða ekki áður verið gerð refsing.

Af framburði vitna má skýrlega ráða að ákærði hafi verið reiður og ógnandi er hann hótaði brotþola og braut þannig gegn 233. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt áðursögðu. Upplýst er að ákærði átti skotvopn er atvik máls gerðust. Hins vegar er ósannað að haglabýssa ákærða hafi verið um borð í báti hans umrætt sinn, en hvað það atriði varðar stendur neitun ákærða gegn orðum Svans Elí Eliassonar. Þá liggur allt að einu fyrir að ákærði fylgdi hótun sinni ekki eftir með athöfnum. Samkvæmt öllu þessu og brotum ákærða að öðru leyti virtum þykir refsing hans hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi.

Að virtum þeim drætti sem varð á meðferð málsins fyrir útgáfu ákæru, sbr. það sem rakið er í niðurlagi kafla I A., þykir ekki annað koma til álita en fresta fullnustu refsingar ákærða, með heimild í 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

VII

A

Brotapoli, A, setti fram bótakröfu á hendur ákærða með bréfi til lögreglustjórans á Vestfjörðum 29. ágúst 2011. Er krafan tekin upp í ákæru lögreglustjóra. Krefst brotapoli miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 600.000 krónur auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. júní 2010 þar til mánuður var liðinn frá því að ákærða var kynnt bótakrafan, en dráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr. sömu laga. Þá krefst brotapoli þess jafnframt að ákærða verði gert að greiða honum málskostnað.

Um rétt sinn til miskabóta skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vísar brotapoli meðal annars til þess að um mjög alvarlega líflátshótun í garð hennar hafi verið að ræða. Þá verði við mat á bótunum að hafa í huga að ákærði hafi hótad að sækja haglabyssu sem hann ætti í bát sínum og að hann myndi gera hvað sem er til að koma í veg fyrir að brotapoli kæmist í hús fjölskyldu hans á Hesteyri.

Bætur fyrir miskatjón skv. 26. gr. laga nr. 50/1993 skal að sögn brotapola ákvarða eftir því sem sanngjarnt þyki. Við mat á fjárhæð bótanna beri almennt að líta til fjögurra þátta. Í fyrsta lagi hversu alvarlegt brotið sé, í öðru lagi til sakarstigs, í þriðja lagi til huglægrar upplifunar brotapolans og í fjórða lagi til umfangs tjónsins.

Brotapoli vísar til þess að um alvarlegt hótunarbrot hafi verið að ræða þar sem hótad hafi verið að beita skotvopni. Brotapoli hafi upplifað brotið mjög illa og raunverulega talið að sín síðasta stund væri upp runnin. Hún hafi trúad því að ákærði myndi standa við hótun sína og talið hann færan um að framkvæma hana. Brotapoli hafi orðið mjög hrædd og hafi sú hræðsla orðið viðvarandi, sbr. vottorð Ólafs Hergils Oddssonar geðlæknis frá 9. ágúst 2011, en þar komi fram að á ritunardegi vottorðsins hafi brotapoli enn óttast að ákærði myndi leita hana uppi og framkvæma hótun sína. Jafnframt komi fram hjá geðlækninum að brotapoli þjáist af áfallastreituröskun vegna endurtekinna áfalla og telji hann líflátshótunina vera alvarlegasta áfallið sem brotapoli hafi orðið fyrir. Sé það mat læknisins að brotapoli muni þurfa langan tíma til þess að vinna sig út úr þessum áföllum. Af öllu þessu sé ljóst að brot ákærða hafi haft veruleg áhrif á andlega líðan brotapola, sem ekki sjái fyrir endann á.

Til stuðnings kröfum sínum vísar brotapoli til reglna skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum 26. gr. laganna. Einnig vísar hann til óskráðra reglna skaðabótaréttarins um greiðslu bóta fyrir ólögmæta og saknæma háttsemi. Krafa um vexti og dráttarvexti byggist á ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þá vísist um málskostnaðarkröfu til 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

B

Ákærði krefst þess aðallega að miskabótakröfu brotapola verði vísað frá dómi, en til vara að krafan verði lækkuð verulega. Hann segir tjón brotapola ósannað og þá sé krafan ekki í samræmi við dómafordæmi.

C

Eins og áður hefur verið rakið telur dómurinn sannað að ákærði hafi hótað brotþola því, er þau voru stödd á Hesteyri umrætt sinn, að beita skotvopni gegn henni kæmi hún sér ekki í burtu af svæðinu. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði bakað sér skaðabótaábyrgð.

Brotþoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða vegna brots ákærða á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun bótanna þykir að nokkru leyti mega líta til vottorðs Ólafs Hergils Oddssonar geðlæknis frá 9. ágúst 2011, en niðurlag vottorðsins er reifað í kafla IV hér að framan. Í vottorðinu kemur meðal annars fram að brotþoli þjáist af áfallastreituröskun og metur læknirinn hótun ákærða alvarlegasta af þeim áföllum sem brotþoli hafi orðið fyrir. Við mat á gildi vottorðsins verður hins vegar ekki horft fram hjá því að samkvæmt vottorðinu er, þrátt fyrir áðurnefnda niðurstöðu læknisins, uppi ákveðin óvissa um orsakir hinnar andlegu vanheilsu brotþola. Enn fremur dregur óhjákvæmilega úr gildi vottorðsins að læknir sá sem vottorðið vann gat ekki komið fyrir dóm við aðalmeðferð málsins vegna alvarlegra veikinda. Fékk ákærði því ekki færi á að láta verjanda sinn leggja spurningar fyrir lækninn varðandi forsendur hans og niðurstöður. Að teknu tilliti til þessara atriða og að broti ákærða að öðru leyti virtu þykja miskabætur til handa brotþola á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 hæfilega ákveðnar 300.000 krónur.

Í úrskurði kveðnum upp undir rekstri málsins hafnaði dómurinn kröfu brotþola um að henni yrði skipaður réttargæslumaður þar sem lagaskilyrði þóttu ekki uppfyllt. Úrskurður dómsins var ekki kærður til Hæstaréttar. Verður brotþoli því dæmdur til greiðslu málskostnaður vegna starfa lögmanns hennar við að halda frammi miskabótakröfunni, sbr. kröfu brotþola í ákæru og 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Þykir málskostnaður brotþola að virtu umfangi málsins, og að teknu tilliti til þeirra þinghalda sem lögmaðurinn sótti þing í fyrir hönd brotþola, hæfilega ákvarðaður 370.000 krónur.

Um vexti og dráttarvexti af kröfunni fer svo sem í dómsorði greinir, en samkvæmt gögnum málsins var ákærða fyrst kynnt bótakrafa brotþola við birtingu ákæru 12. nóvember 2012.

VIII

Með vísan til úrslita málsins, sbr. 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008, verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar. Til sakarkostnaðar í málinu telst eingöngu þóknun skipaðs verjanda ákærða, Snorra Sturlusonar hdl., er hæfilega telst ákveðin að virtu umfangi málsins 351.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, sem og ferðakostnaður lögmannsins, samtals 75.600 krónur. Ákærði greiði því 427.000 krónur í sakarkostnað.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Haukur Vagnsson, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 427.000 krónur í sakarkostnað.

Ákærði greiði brotaþola, A, 300.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. júní 2010 til 12. desember 2012, en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði brotaþola jafnframt 370.000 krónur í málskostnað.

Kristinn Halldórsson